

Fjarnám og fjarnemar á Austurlandi

Kortlagning á framboði fjarnáms á háskólastigi. Reynsla og upplifun fjarnema. Könnun á þörf fyrir fjarnám á háskólastigi. Námsáform ungmenna á Austurlandi.

Tinna Halldórsdóttir & Elfa Hlín Pétursdóttir

20/12/2018



Helstu niðurstöður

Verkefninu var skipt í fjóra hluta. Kortlagning á framboði. Upplifun og reynsla fjarnema. Þörf og áhugi íbúa á fjarnámi. Námsáform ungmenna á Austurlandi og námsþarfir atvinnulífsins.

- Framboð á fögum í háskólanámi með fjarnámssniði hefur haldist nokkurn vegin óbreytt undanfarin 10 ár, þó námsleiðum hafi fjölgað. Skólum hefur fjölgað og fleiri en einn skóli býður oft upp á sömu eða svipaða grein. Ekki eru mikil áform um breytingar þar á.
- Niðurstöður könnunar meðal fjarnema benda til þess að fjarnemar undanfarinna ára á Austurlandi séu að stærstu leyti sáttir með það nám sem þeir stunduðu og langflestir hafi getað valið sér það nám sem þeir helst vildu stunda. Þátttakendur endurspegluðu nokkuð vel þann hóp sem stundað hefur eða hefur verið skráður í fjarnám undanfarin ár á Austurlandi hvað varðar aldur, kynjahlutfall, búsetu og skóla. Því er hægt að álykta að niðurstöðurnar megi nota til að draga upp nokkuð raunsanna mynd af upplifun þessa hóps. Nemendum gengur flestum nokkuð vel við námið og telja fyrirkomulagið hafa reynst ágætlega. Almennt mæta nemendur jákvæðu viðmóti kennara til fjarnema. Helst mættu nemendur sem stunduðu nám, sem ekki er skilgreint sem fjarnám, skilningsleysi kennara, sem má eflaust rekja til þess að námið var sett upp með staðnám í huga, jafnvel þó námið sem slíkt hentaði vel til fjarnáms. Mikill meirihluti fjarnema stundaði vinnu með námi sínu. Langflestir karlar voru í fullri vinnu með náminu en ekki var spurt um námshlutfall eða námsframvindu og því óvíst hvort þeir hafi verið í fullu námi. Konur voru mun oftár í hlutastarfi með náminu. Um helmingur nemenda sagðist frekar hafa kosið staðnám ef þeir hefðu haft þess kost. Ekki var marktækur munur á upplifun nemenda af fjarnáminu eftir námssviðum en munur var á upplifun nemenda eftir skólum hvað varðar námsgengi, áhrif fjarnámsfyrirkomulagsins á námsgengi og viðmót kennara. Að meðaltali mættu nemendur 6 daga á önn.
- Rúmlega 200 konur svöruðu könnuninni og tæplega 80 karlar. Þriðjungur svarenda var á aldrinum 36-45 ára sem er sá aldurshópur sem hefur verið fjölmennastur í nemendahópi. Hafði um þriðjungur lokið grunnháskólagráðu og fjórðungur stúdentsprófi eða öðru lokaprófi af framhaldsskólastigi. Um 40% kvenna í hópi svarenda höfðu lokið grunnháskólagráðu og aðeins um 2% þeirra höfðu lokið iðnnámi. Í hópi karla hafði um fjórðungur lokið grunnháskólagráðu og fjórðungur lokið iðnnámi. Nú af hverjum tíu höfðu hugleitt að sækja sér meiri menntun og álíka mörg höfðu hugleitt að fara í nám. Um 75% töldu líkur á að láta verða af því á næstu 5 árum. Tæplega helmingur hafði kynnt sér framboð á framhalds- og háskólanámi á Austurlandi. Minnihluti taldi framboð á fjarnámi gott og rúmlega helmingur taldi það takmarkað. Meirihluti sá þó fyrir sér að fara í fjarnám, eða 75% karla og 84% kvenna. Langflest töldu líkur á að fá starf við hæfi að námi loknu á Austurlandi og fyrir stóran hluta skipti það máli að námið leiddi til starfa á Austurlandi, 81% kvenna taldi það mikilvægt og 63% karla. Tæplega helmingur sá fyrir sér að næsta námsgráða væri framhaldsháskólagráða og var yfir helmingur kvenna sem valdi þann kost en þriðjungur karla, nær jafn margir og stefndu á grunnháskólagráðu. Engin kona hugði á meistaranám í iðn en um 10% karla sáu það fyrir sér sem næsta skref í námi. Eins var munur á kynjunum varðandi sveinspróf í iðn en 27% karla stefndu á slíkt nám en 7% kvenna. Svarendur voru beðnir að meta hugsanlegar hindranir eða þætti sem hefðu letjandi áhrif á að þeir hefðu nám. Gefnir voru 8 svarkostir. Búseta og námsframboð voru þar talin hafa mikil letjandi áhrif af yfir helmingi svarenda eða 53%. Búseta var af 56% kvenna talin hafa letjandi áhrif og 43% karla merktu við það. Efnahagur hafði áhrif á þriðjung svarenda, fleiri konur en karla. Fjölskyldustaða hafði einnig áhrif og oftár á konur en karla. Þau sem vildu stunda nám á framhaldsskólastigi sáu helst fyrir sér að gera það við einhvern

framhaldsskóla á Austurlandi. Grunnám við Háskólann á Akureyri var valkostur 65% kvenna en karlar merktu oftast við Háskóla Íslands. Flest vildu einnig stunda framhaldsnám við þessa tvo skóla eða yfir 70%.

- Alls svöruðu 106 könnun um námsáform ungmenna. Um helmingur svarenda var yngri en 18 ára og helmingur 18 til 20 ára. Fleiri stelpur svöruðu könnuninni, 63% og 37% karlar. Flest stefndu á að ljúka háskólaprófi eða 62% svarenda. Ekki var munur á svörum eftir aldri svarenda en töluverður munur milli kynja þar sem 67% stúlkna áformuðu að ljúka háskólaprófi en 51% stráka. Rúmlega 10% strákanna stefndu á að ljúka iðnnámi og um 6% stelpnanna. Mikill munur var milli kynjanna varðandi stúdentsprófið en 33% strákanna stefndu á að ljúka því sem hæstu prófgráðu en 19% stelpnanna sáu það fyrir sér. Mestur áhugi var á námi á félagsvísindasviði og listnámi en þar á eftir nám í heilbrigðisvísindum og menntavísindum. Fæst sýndu áhuga á námi í hugvísindum og búvísindum. Þó nokkur munur var á áhuga kynjanna á þeim námsgreinum sem settar voru fram en kynin höfðu nokkuð jafnan áhuga fyrir félagsvísindum en töluvert fleiri strákar höfðu áhuga á verkfræði, tölvunarfræði og raunvísindum en stelpur. Fleiri stelpur en strákar höfðu áhuga á listnámi og námi í menntavísindum sem og tungumálanámi. Um 34% yngri en 18 ára voru jákvæð fyrir að stunda háskólanám sitt í fjarnámi og 40% óákveðin en í eldri hópnum 18-20 ára voru 40% jákvæð fyrir því og 24% óákveðin. Um 40% hafði ekki áhuga á iðnnámi en svarendur dreifðust nokkuð jafnt milli iðngreina. Einnig var spurt hvort áhugi væri fyrir því að stunda iðnnám í fjarnámi og var tæplega helmingur ósammála því, um 23% höfðu áhuga fyrir því og önnur 23% voru ekki viss. Ef áhugi fyrir iðnnámi var skoðaður eftir kyni kom í ljós að þó nokkur kynjamunur er í flest öllum iðngreinum nema einkaþjálfun og matargreinum. Enginn strákur lýsti áhuga á snyrtingu og hárgreiðslu og engin stelpa sýndi áhuga fyrir pípulögnum. Aldur hafði áhrif á áhuga fyrir iðnnámi en 65% í yngri aldurshópnum (undir 18 ára) hafði áhuga á iðnnámi en 54% í 18-20 ára hópnum.
- Stóraukið framboð þarf að vera á fólki með iðn- og tæknimenntun. Bæði á háskóla- og framhaldsskólastigi, meira þó á framhaldsskólastigi. Huga þarf sérstaklega að íslenskukennslu verkafólks m.a. með því að skoða möguleika á að hafa pólskumælandi kennara fyrir byrjendur.

Um verkefnið

Að frumkvæði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) var ráðist í það verkefni sem lýst er í þessari skýrslu.

Gerðar voru þrjár spurningakannanir

- Viðhorf og reynsla fjarnema 2012-2018
- Þörf og áhugi fyrir fjarnámi á Austurlandi
- Námsáform ungmenna á Austurlandi

Haldnir voru tveir rýnihópafundir með aðilum vinnumarkaðar og frá opinberum stofnunum til að kanna fræðsluþörf atvinnulífsins, þ.e. þörf fyrir þekkingu og færni starfsfólks og um leið þörf fyrir námsframboð.

Framboð fjarnáms á háskólastigi var kortlagt. Kannaðar voru heimasíður allra háskóla landsins og haft samband við þá varðandi framboð á fjarnámi og um leið til að kanna hvort fyrirhugað væri að breyta því framboði sem verið hefur um margt óbreytt í mörg ár.



Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður	1
Um verkefnið.....	3
Framboð á fjarnámi.....	6
Háskóli Íslands.....	6
Háskólinn í Reykjavík.....	6
Háskólinn á Akureyri	6
Hólar.....	6
Bifröst.....	6
Landbúnaðarháskóli Íslands.....	6
Keilir	7
LHÍ	7
Samantekt um framboð fjarnáms	7
Fjarnemar 2012-2018 – upplifun og reynsla.....	0
Niðurstöður	0
Mætingar í lotur	3
Kostir og gallar fjarnáms	4
Umsagnir nemenda – tilvitnanir í svör við opnum spurningum	5
Samantekt könnunar meðal fjarnema	7
Áhugi og þörf fyrir fjarnám á Austurlandi	9
Niðurstöður	9
Samantekt könnunar meðal Austfirðinga á þörf og áhuga fyrir fjarnámi.....	13
Námsáform ungmenna á Austurlandi.....	15
Samantekt könnunar um námsáform ungmenna á Austurlandi	18
Viðhorf atvinnulífsins	19
Samantekt um viðhorf og þörf atvinnulífsins	19
Að lokum	20
Næstu skref	20
Viðauki – Áhugi fyrir námi við einstaka skóla eftir kyni og námsfyrirkomulagi.	21

Myndaskrá

Mynd 1. Fjarnámsframboð háskólanna 2018	0
Mynd 2. Fjarnámsframboð 2010	1
Mynd 3. Áhugi fyrir námi eftir sviðum og fyrirkomulagi	15
Mynd 4. áhugi eftir námsgreinum og kyni	16
Mynd 5. Áhugi fyrir iðnnámi	17
Mynd 6. Áhugi fyrir iðnnámi eftir kyni	17
Mynd 7. Áhugi fyrir iðnnámi eftir aldri	18

Töfluskrá

Tafla 1. Svarendur & bakgrunnsupplýsingar	0
Tafla 2. Námsgengi og tilhögun	1
Tafla 3. Reynsla og upplifun af fjarnámi	2
Tafla 4. Námsgengi og upplifun eftir námssviði	2
Tafla 5. Námsgengi og upplifun eftir skóla	3
Tafla 6. Upplifun af viðhorfi kennara og fyrirkomulag náms	3
Tafla 7. Áhrif vinnu á námsgengi	3
Tafla 8. Mætingar í lotur	4
Tafla 9. Kostir og gallar fjarnáms	4
Tafla 10. Svarendur	9
Tafla 11. Áhugi og námsáform	10
Tafla 12. Námsframboð, námsfyrirkomulag, nýting náms	10
Tafla 13. Námsstig	11
Tafla 14. Hugsanlegar hindranir eða letjandi þættir fyrir því að hefja nám	12
Tafla 15. Áhugi fyrir skólum og námsstigi	13
Tafla 16. Áhugi fyrir námi á framhaldsskólastigi eða háskólabrú eftir námsfyrirkomulagi	21
Tafla 17. Áhugi fyrir grunnnámi á háskólastigi eftir námsfyrirkomulagi	21
Tafla 18. Áhugi fyrir framhaldsnámi á háskólastigi eftir námsfyrirkomulagi	23

Framboð á fjarnámi

Heimasíður háskólanna voru skoðaðar og haft var samband við skólana og óskað eftir upplýsingum um fjarnámsframboð þeirra og fyrirætlanir varðandi fjarnám næstu fimm ár. Upplýsingarnar voru teknar saman í mynd 1. Niðurstaðan er að það er mismikið framboð eftir sviðum og skólum en framboðið hefur haldist nokkuð svipað í mörg ár.

Háskóli Íslands

Svaraði fyrirspurninni þannig að verið væri að móta nýja kennslustefnu fyrir Háskólann, sem gert er ráð fyrir að verði samþykkt og kynnt haustið 2018. Meðal þess sem fjallað er um í þessari stefnumótunarvinnu er framboð á fjarnámi, þ.e. hvort tilefni er til að vera með afmarkaðra en markvissara fjarnám við skólann. Fjarnám er í boði á þremur sviðum skólans; langmest á félagsvísindasviði þar sem nokkur námskeið eru í fjarnámi, aðallega á framhaldsstigi en almennt er það svo að námskeið námsleiðar eru ekki öll kennd í fjarnámi. Á hugvísindasviði eru námskeið í grunnnámi í ensku og sænsku í boði. Á menntavísindasviði er kennslufræði almennt í boði sem fjarnám á bæði grunn- og framhaldsstigi. Misjafnt er eftir deildum og námskeiðum hvort boðið er upp á staðlotur eða hvort mætingaskylda sé viðhöfð.

Háskólinn í Reykjavík

Býður frumgreinanám sitt í fjarnámi og í grunnnámi er haftengd nýsköpun og iðnfræði í boði sem fjarnám og fyrsta eina og hálfa árið í byggingarfræði. Á framhaldsstigi er MBA nám í boði sem fjarnám. Misjafnt er eftir deildum hvernig staðlotum og mætingaskyldu er háttað. Ekki var áformað að breyta til hvað varðar fjarnám.

Háskólinn á Akureyri

Allt grunnám er í boði í fjarnámi og flest allt framhaldsnám. Almennt er mætingaskylda í lotur og eru þær mismargar og langar eftir sviðum. Engar fyrirsjáanlegar breytingar eru á framboði en framkvæmd og útfærsla fjarnáms er í stöðugri þróun.

Hólar

Á Hólum er í boði fjarnám með staðbundnum lotum á einstökum leiðum. Í grunnnámi er ferðamálafræði og ferðaþjónusta í boði sem fjarnám og á framhaldsstigi er sjávar- og vatnalíffræði í boði sem fjarnám. Að auki eru tvær diplómaleiðir í boði. Ekki eru fyrirhugaðar breytingar varðandi fjarnám við skólann.

Bifröst

Allt nám skólans er í boði sem fjarnám en staðbundnar lotur og mætingaskylda eru hluti af flestum leiðum, alls tíu námslínur í grunnnámi og átta námslínur í meistaranámi auk diplómagráða. Einnig er háskólabrú í boði við skólann. Haustið 2018 hófst kennsla við fimm nýjar námsleiðir, ein diplómaleið, tvær grunnnámsleiðir og tvær framhaldsleiðir. Vorið 2019 bætis við ein diplómaleið.

Landbúnaðarháskóli Íslands

Flest grunnám er í boði sem fjarnám að öllu leyti eða hluta. Varðandi námsleiðir á framhaldsstigi er í boði einstaklings- og rannsóknamiðað meistaranám í búvísindum, náttúru- og umhverfisfræði, hestafræði, landgræðslufræðum og skógræði. Þar sem námið er einstaklingsmiðað setur hver nemandi upp sinn námsferil með sínum leiðbeinanda. eru langflest námskeið í boði með fjarnámslausnum og með tveimur fjarnemavikum þar sem fjarnemar koma og taka t.d. verklegar æfingar og fleira. Starfsmiðað meistaranám í skipulagsfræði er kennt sem staðnám því flest allir áfangar eru með talsverða skyldumætingu og ekki boðið upp á þá í fjarnámi.

Keilir

Býður háskólabrú í fjarnámi og fyrsta árið í grunnnámi tæknifræði. Að auki býður Keilir verknám á framhaldsskólastigi fóttaðgerðafræði sem fjarnám auk einkaþjálfunar og styrktarþjálfunar.

LHI

Í Listaháskóla Íslands er engin námsleið eða námskeið í boði sem fjarnám.

Samantekt um framboð fjarnáms

Framboð á háskólanámi með fjarnámssniði hefur haldið nokkurn veginn óbreytt undanfarin 10 ár, þá hvað varðar greinar sem hægt er að taka þó leiðum til að taka þær hafi fjölgað. Skólum hefur fjölgað og fleiri en einn skóli býður oft upp á sömu eða svipaða grein. Ekki eru mikil áform um breytingar þar á.



Fjarnám á háskólastigi

Háskólabró

Bifröst

Keilir

Háskólinn í Reykjavík

Grunnnám

Viðskiptafræði, lögfræði

Viðskiptafræði – HA & Bifröst
Lögreglufræði – HA
Lögfræði – HA
Viðskiptalögfræði – Bifröst
Opinber stjórnsýsla (dipl) – Bifröst
Fyrirtækjalögfræði (dipl) – Bifröst
Viðskiptafræði og verslunarstjórnun (dipl) – Bifröst

Raun- og náttúruvísindi

Líftækni – HA

Verk- og iðnfræði

Byggingarfræði – HR
Iðnfræði – HR
Haftengd nýsköpun – HR
Tölvunarfræði – HA
Tæknifræði (1. ár) – Keilir

Hugvísindasvið

Inngangur að erlendum tungumálum – HÍ
Enska – HÍ
Sænska – HÍ

Annað

Viðburðastjórnun (dipl) – Hólar
Ferðamálafræði – Hólar
Fiskeldisfræði (dipl) – Hólar
Stjórnun ferðaþjónustu og móttaka gesta – Hólar
Byltingarfræði – Bifröst
Miðlun og almannatengsl – Bifröst
ÍAK einkaþjálfari – Keilir
ÍAK styrkarþjálfari – Keilir
Fótaaðgerðafræði – Keilir

Búfræði og skyldar greinar

Búfræði – LBHÍ
Blómaskreytingar – LBHÍ
Garðyrkjuframleiðsla – LBHÍ
Skógur og náttúra – LBHÍ
Skrúðgarðyrkja – LBHÍ
Búvísindi – LBHÍ
Náttúru- og umhverfisfræði – LBHÍ
Skógfræði – LBHÍ

Menntavísindi

Faggreinakennsla – HÍ
Deild heilsueflingar, íþrótt og tómstunda – HÍ
Kennslu- og menntunarfræði – HÍ
Menntun og margbreytileiki – HÍ
Kennarafræði – HA

Heilbrigðisvísindi

Hjúkrunarfræði – HA
Iðjuþjálfunarfræði – HA

Félagsvísindi

Safnafræði – HÍ
Mannfræði og þróunarfræði – HÍ
Þjóðfræði – HÍ
Kynjafræði – HÍ
Félagsvísindi – HA
Fjölmíðlafræði – HA
Sálfræði – HA
Nútímafræði – HA
Heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði – Bifröst

Framhaldsnám

Félagsvísindi

Félagsfræði (námskeið) – HÍ
Félags- og mannvísindi – HÍ
Fötlunarfræði – HÍ
Mannfræði og þróunarfræði – HÍ
Safnafræði – HÍ
Upplýsingafræði – HÍ
Þjóðfræði – HÍ
Öldrunarfræði – HÍ
Blaða- og fréttamennska – HÍ
Kynjafræði – HÍ
Opinber stjórnsýsla – HÍ
Stjórnmálafræði – HÍ
Rannsóknartengt meistaranám – HA
Fjölmíðla- og boðskiptafræði – HA

Búfræði og skyldar greinar

Búvísindi – LBHÍ
Náttúru- og umhverfisfræði – LBHÍ
Hestafræði – LBHÍ
Landgræðslufræði – LBHÍ
Skógfræði – LBHÍ

Annað

Auðlindafræði – HA
Heimskautaréttur – HA
Ferðamálafræði – Hólar
Menningarstjórnun – Bifröst
Samningatækni og sáttamiðlun – Bifröst
Forysta og stjórnun/verkefnastjórnun – Bifröst

Menntavísindi

Faggreinakennsla – HÍ
Deild heilsueflingar, íþrótt og tómstunda – HÍ
Kennslu- og menntunarfræði – HÍ
Menntavísindi – HA
Menntunarfræði – HA

Viðskiptafræði & lögfræði

MBA – HR
Viðskiptafræði – HA
Lögfræði – HA
Forysta og stjórnun – Bifröst
Markaðsfræði – Bifröst
Viðskiptalögfræði – Bifröst

Raun- og náttúruvísindi

Sjávar og vatnalífirfræði – Hólar

Heilbrigðisvísindi

Heilbrigðisvísindi – HA
Iðjuþjálfun – HA



Nám frá háskólum fjarnám haust 2010

ÞNA gefur upplýsingar og býður námsráðgjöf í s. 471-2638 og 478-8030.

Háskólinn á Akureyri, www.haskolanam.is Fyrirspurnir sendist til: dagmar@unak.is Umsóknarfrestur: 5. júní 	Hug- og félagsvísindadeild • Kennarafræði (veitir kennsluréttindi í leik-, grunn- og framhaldsskólum) • B.Ed./M.Ed Viðskipta- og raunvísindadeild • Viðskiptafræði B.S. • Líftækni B.S. • Sjávarútvegsfræði B.S. • Umhverfis- og orkufræði B.S. Heilbrigðisdeild • Ljúpjalfræði B.S.	Landbúnaðarháskóli Íslands, www.lbhi.is Upplýsingar um fjarnám á framhaldsskólastigi veitir Edda Þorvaldsdóttir, edda@lbhi.is Upplýsingar um háskólanám og staðarnám á framhaldsskólastigi veitir kennsluskrifstofa Lbhl, Álfheiður Marinósóttir: alfheidur@lbhi.is og Þórunn Edda Bjarnadóttir, thorunne@lbhi.is Umsóknarfrestur: 4. júní	Búfræðinám staðar- og fjarnám tekið inn árlega, 2. ára hagnýtt nám á framhaldsskólastigi Staðar- og fjarnám tekið inn annað hvert ár, hagnýtt nám á framhaldsskólastigi sem krefst 3ja mánaða starfsþjálfunar. Tekið var inn haustið 2010 í blómaskreytingar, garðyrkjuframleiðslu, skógur og umhverfi og skrudgarðyrkju. Háskólanám – Staðarnám - fjarnám • Náttúru- og umhverfisfræði, (alm. nátt, náttúrunýting, þjóðgarðar og verndarsvæði, náttúra og saga) • Skógræði og landgræðsla, • Búvísindi • Hestafræði fyrstu tvö árin. • Umhverfisskipulagsbraut hægt er að taka einstaka grunnáfang með fjarnámsslausnum en viðvera er í séráföngum bráttarinnar Skyldumæting er í verklegar æfingar sem settar eru upp 1 – 2 á stuttönn í 3. og 6. kennsluviku (stuttönn er 7 vikur).
Háskóli Íslands, www.hi.is Umsóknarfrestur um grunnnám er 5. júní í flestum deildum. Frestur til að sækja um framhaldsnám er 15. apríl fyrir nám sem hefst að hausti og 15. október fyrir nám sem hefst á vörmsíseri.	FÉLAGSVÍSINDASVIÐ Félags- og mannvísindadeild • Bókasafns- og upplýsingafræði • Mannfræði • Safnafræði • Þjóðfræði Félagsráðgjafardeild (eingöngu framhaldsnám) Stjórnmálafræðideild • Kynjafræði • Opinber stjórnsýsla (eingöngu framhaldsnám) HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ • Hjúkrunarfræði (eingöngu framhaldsnám) Matvæla- og næringarfræðideild HUGVÍSINDASVIÐ Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda • Enska • Sænska Sagnfræði- og heimspekideild • Sagnfræði MENNTAVÍSINDASVIÐ: • Flestar námsleiðir	Háskólinn á Bifröst, www.bifrost.is Umsjónarmaður BS og diplóma fjarnáms: Guðrún Björg Adalsteinsdóttir gudrunbjorg@bifrost.is Umsjónarmaður meistaranáms: Maj Britt Hjördis Briem majb@bifrost.is Umsjónarmaður frumgreinadeildar: Geirlaug Jóhannsdóttir geirlaug@bifrost.is Verkefnastjóri símenntunar: Geirlaug Jóhannsdóttir geirlaug@bifrost.is Umsóknarfrestur í BS nám, MS nám, MA nám og frumgreinadeild: 15. júní	Viðskiptadeild • BS í viðskiptafræði • BS í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti • Diplómanám í fjármálum og stjórnun • MS in international business • MS in international finance and banking • MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu Félagsvísindadeild • MA í menningarstjórnun • MA í Evrópufræðum Lagadeild • LL.M in European business and corporate law • MA í skattarétti Frumgreinadeild • Sérhæft undirbúningsnám fyrir áframhaldandi háskólanám Símenntun • Rekstur smærri fyrirtækja • Máttur kvenna I og II • Diplómanám í verslunarfræðum
Háskólinn í Reykjavík, www.ru.is Upplýsingar: asrun@ru.is Umsóknarfrestur: 31. maí 	Kerfisfræði 120 ECTS diplómanám. Hluti af BS gráðu í tölvunarfræði. Iðnfræði, 90 ECTS diplomagráða • Byggingariðnfræði, rafiðnfræði, véliðnfræði Rekstrarfræði, 30 ECTS diplomagráða ætluð iðnfræðingum Byggingarfræði, 210 ECTS BSc nám fyrir þá sem hafa lokið sveinsprófi í byggingariðngrein. Þeir sem hafa lokið byggingariðnfræði taka 120 ECTS. Opni háskólinn í HR býður upp á stök námskeið í fjarnámi í samvinnu við deildir skólans og einnig eru í boði lengri námsleiðir.	Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs www.keilir.net Skólastjóri flugakademíu: Kári Kárasen kari@keilir.net Forstöðumaður Heilsu- og uppeldisskóla: Gunnhildur Vilbergsdóttir, gunnhildur@keilir.net Forstöðumaður Háskólabrúar: Soffía Vaað Árnadóttir, soffia@keilir.net Umsóknarfrestur: 7. júní	Flugakademía háskólastig • Flugrekstrarfræði Framhaldsskólastig: • PPL einkaflugmaður • ATPL atvinnuflugmaður Heilsu- og uppeldisskóli • ÍAK einkaþjálfari • ÍAK íþróttþjálfun Háskólabrú Undirbúningur fyrir háskólanám hérlendis og erlendis. Staðnám hefst í ágúst og fjarnám í janúar ár hvert. • Félagsvísinda- og lagadeild • Hugvísindadeild • Viðskipta- og hagfræðideild • Verk- og raunvísindadeild
Háskólinn á Hólum Umsjón með fjarnámi: solrun@holar.is Umsóknarfrestur: 1. júní	Ferðamáladeild • Diplóma í ferðamálafræði. Landvarðar- og staðarvarðarréttindi • Diplóma í viðburðastjórnun • BA í ferðamálafræði • MA í ferðamálafræði Fiskeldisdeild • Diplóma í fiskeldisfræði Hestafræðideild • BS í hestafræði – hluti bóklegra námskeiða kenndur í fjarnámi (í samstarfi við Lbhl)	• Fyrirvari er um að allt ofangreint nám verði í boði á Austurlandi á haustönn 2010. • Fólk er hvatt til að sækja sem fyrst um nám. • Nám er í vissum tilfellum háð því að ákveðinn fjöldi náist í námsþópa og ræst þá staðsetning af myndfundabúnaði og nemendahópi. • Kennsluáðferðir eru samkvæmt ákvörðun skóla hverju sinni. Sumar námsbrautir gera ráð fyrir að nemendur stundi námið eingöngu í gegnum tölvubúnað og með verkefnavinnu m.a. í námslotum.	ÞNA Þekkingarnet Austurlands Hafið samband við starfsstöðvar ÞNA og leitið upplýsinga. Hægt er að senda fyrirspurnir á náms- og starfsráðgjafa: Emil emil@tna.is, Ragnhildi ragnhildi@tna.is og Rögnu ragna@asa.is

Fjarnemar 2012-2018 – upplifun og reynsla

Rafrænn spurningalisti fór í dreifingu á vefmiðlum Austurbrúar og gegnum netfangalista Austurbrúar yfir nemendur. Nemendur skráðir í fjarnám á háskólastigi með Austurbrú sem sína prófamiðstöð hafa verið 100-200 undanfarin ár og fjöldinn haldist nokkuð svipaður undanfarin ár. Flestir eru nemar við Háskólann á Akureyri og við Háskóla Íslands. Nemendur eru flestir í námi á sviði félagsvísinda, viðskipta eða menntavísinda. Framboð er enda mest í greinum á þessum sviðum. Framboð fjarnáms er ólíkt eftir skólum sem og útfærsla þess. Framboðið hefur verið nokkur óbreytt undanfarin ár, sjá fyrri kafla um framboð fjarnáms.

Niðurstöður

Alls voru 143 gild svör og 141 svör sem hægt var að greina eftir kyni en áhugavert og mikilvægt er að kanna hvort upplifun og reynsla karla og kvenna er sambærileg eða hvort hallar á annað kynið. Konur hafa verið um og yfir 70% fjarnema á háskólastigi á Austurlandi. Flest eru á aldrinum 31-45 ára en nemendum undir þrítugu hefur fjölgað hratt undanfarin ár, t.a.m. var yfirleitt enginn nemandi undir 25 ára fyrir 6 árum síðan en hefur fjölgað þannig að þeir hafa verið milli 5-10 undanfarin 3 ár.. Að líkindum má rekja það til þess að erfitt er oft um leiguhúsnæði í Reykjavík og á Akureyri og margir nemendur kjósa að vinna töluvert með náminu og velja að halda sínu starfi á Austurlandi áfram samhliða náminu. Flestir nemendur eru á Egilsstöðum en álíka hlutfall er samanlagt í Fjarðabyggð en mismargir eftir stöðum þar. Undanfarin ár hafa nemendur verið flestir í félagsvísindum og menntavísindum, þar á eftir hafa verið viðskiptagreinar. Kynjahlutfallið er nokkuð svipað í félagsvísindum en konur eru mun fleiri í menntavísindum og karlar fleiri í viðskiptagreinum. Háskólinn á Akureyri hefur haft stærsta nemendahópinn en Háskóli Íslands kemur þar á eftir. Erfitt er þó oft að greina á milli fjar- og staðnema við HÍ þar sem skráning er ekki skýr. Um helmingur nemenda var í námi sem var blanda fjarnáms og mætinga í lotur, en um 40% sagðist vera í námi sem eingöngu væri fjarnám. Fæst voru að fjarnema nám sem ekki var skilgreint fjarnám, þ.e. í staðnámi sem þau tóku í fjarnámi.

Tafla 1. Svarendur & bakgrunnsupplýsingar

		Allir N=143	Karl N=27	Kona N=114
Aldur	20-30 ára	29%	19%	33%
	31-45 ára	48%	59%	46%
	46 ára eða eldri	23%	22%	22%
Búseta	Fljótshálfshérað	45%	41%	46%
	Fjarðabyggð	37%	44%	36%
	Önnur sveitarfélög	17%	15%	18%
Námssvið	Félagsvísindi	27%	30%	28%
	Heilbrigðisvísindi	8%	4%	9%
	Menntavísindi	25%	11%	30%
	Raunvísindi & tölvunarfræði	10%	15%	8%
	Viðskiptagreinar	16%	30%	13%
	Annað (hugvísindi & búvísindi)	7%	7%	5%
	Menntavísindi og önnur grein til viðbótar	7%	4%	8%
Skóli	Háskólinn á Akureyri	37%	30%	38%
	Háskóli Íslands	31%	22%	35%
	Háskólinn í Reykjavík	5%	13%	3%
	Bifröst	7%	13%	5%
	Aðrir skólar (Keilir, LBHÍ, HH, útlönd)	9%	13%	7%
	Fleiri en einn skóli	11%	9%	12%
Fyrirkomulag náms	Fjarnám að öllu leyti	41%	43%	41%
	Staðnám tekið í fjarnámi	8%	9%	7%
	Lotunám; blanda fjarnáms og mætinga í lotur	51%	48%	52%

Fjarnemar sem tóku þátt í könnuninni voru spurðir um námsgengi sitt og tilhögun námsins s.s. varðandi vinnu með námi. Rúmlega helmingur þeirra var enn í námi þegar könnuninni var svarað. Álíka hátt hlutfall karla og kvenna hafði hætt í því námi sem þau hófu og af þeim hópi sem ekki lauk námi var skipulag námsins helsta ástæðan. Þar var t.d. vísað til þess að lotur voru illa skipulagðar, á óhentugum tímum og einnig voru nokkur sem höfðu lent í samskiptavanda við skóla eða einstaka kennara og hættu því náminu. Enginn karl setti kostnað sem ástæðu brottfalls en 23% kvennanna sem hættu námi sögðu svo vera.

Spurt var hvort nemendur sæju fyrir sér að halda áfram námi og taldi um þriðjungur ekki líkur á því. Rúmlega þriðjungur hugði á framhaldsnám sem hægt væri að stunda í fjarnámi og voru konur mun oftar en karlar með slík áform. Tæplega fimmtungur karla hugði á annað grunnnám, mun hærra hlutfall en meðal kvenna.

Tæplega helmingur nemenda var í fullu starfi með náminu en mikill munur var þar milli karla og kvenna, þar sem 86% karla unnu fullt starf með námi sínu en 39% kvenna. Ekki var spurt hvort nemendur luku náminu á þeim tíma sem almennt tekur að klára námið og því getur verið að þeir hafi verið í hlutanámi oftar en konurnar sem unnu oftar hlutavinnu með náminu. Þau sem unnu með náminu voru spurð um viðhorf vinnuveitenda til námsins og var það almennt jákvætt. Afar fá upplifðu neikvætt viðhorf frá vinnuveitanda og voru það eingöngu konur sem upplifðu slíkt. Nemendur voru almennt í því námi sem þeir vildu helst stunda en um helmingur þeirra hefði frekar valið að vera í staðnámi ef þeir hefðu haft á því tók.

Tafla 2. Námsgengi og tilhögun

		Heild N=147	Karl N=27	Kona N=114	χ^2	p
Laukstu námi	Er enn í námi	54%	35%	57%	4,263	0,119
	Já	34%	52%	31%		
	Nei	12%	13%	12%		
Hvers vegna laukstu ekki námi?	Vinna/Tímaskortur	25%	33%	23%	0,903	0,825
	Skipulag námsins/Samskipti við skóla	31%	33%	31%		
	Persónulegar ástæður	25%	33%	23%		
	Kostnaður	19%		23%		
Ætlar þú í áframhaldandi nám	Já, grunnnám sem er í boði sem fjarnám	8%	18%	6%	5,564	0,234
	Já, framhaldsnám sem er í boði sem fjarnám	35%	23%	38%		
	Já, grunnnám sem er ekki í boði sem fjarnám	2%		3%		
	Já, framhaldsnám sem er ekki í boði sem fjarnám	22%	27%	21%		
	Nei	33%	32%	32%		
Vinna með námi	Já, fullu starfi	48%	86%	39%	17,647	0,001*
	Já, hlutastarfi 50% eða meira	29%	5%	35%		
	Já hlutastarfi, minna en 50%	11%		13%		
	Nei, ekki í starfi	12%	9%	13%		
Viðhorf vinnuveitanda	Mjög jákvætt	61%	62%	61%	1,673	0,643
	Fremur jákvætt	27%	24%	28%		
	Fremur neikvætt	3%		3%		
	Engin skoðun	9%	14%	8%		
Varstu í því námi sem var fyrsta val?	Já	80%	100%	76%	6,754	0,009*
	Nei	20%		25%		
Hefðir þú frekar viljað stunda staðnám?	Já	51%	50%	53%		
	Nei	30%	36%	26%		
	Veit ekki	19%	14%	21%		

Meirihluti fjarnema taldi staðlotur gagnlegar og sögðu námsgengi sitt gott. Þeir töldu fjarnámsfyrirkomulagið hafa jákvæð áhrif á námsgengi sitt en munur var á hlutfalli karla og kvenna sem töldu áhrif fjarnámsfyrirkomulagsins neikvæð, þar sem karlar upplifðu það oftast neikvætt. Meirihluti nemenda upplifði jákvætt viðhorf kennara til fjarnema.

Tafla 3. Reynsla og upplifun af fjarnámi

		Allir N=143	Karl N=27	Kona N=114	χ^2	p
Lotur	Gagnlegar	76%	88%	75%	1,376	0,241
	Gagnslitlar	24%	12%	25%		
Námsgengi	Mjög vel	44%	46%	44%	0,214	0,898
	Vel	53%	50%	53%		
	Frekar illa	3%	5%	3%		
Áhrif fjarnáms á námsgengi	Jákvætt	79%	73%	79%	2,501	0,286
	Neikvætt	9%	18%	8%		
	Skiptir engu	12%	9%	13%		
Viðhorf kennara	Jákvætt	72%	77%	70%	1,514	0,469
	Neikvætt	11%	14%	11%		
	Bæði jákvætt og neikvætt	17%	9%	20%		

Lotur voru gagnlegar að mati meirihluta nemenda allra sviða en munur var þar á og töldu nemendur heilbrigðis og raunvísindasviða þær gagnlegastar. Ekki var munur á námsgengi eftir sviðum eða mati nemenda á áhrifum fjarnámsfyrirkomulagsins á þeirra námsgengi. Nokkur munur var til staðar eftir sviðum á upplifun nemenda af viðhorfi kennara til sín en nemendur viðskipta- og félagsvísindasviða upplifðu jákvæðasta viðhorfið en minna en helmingur nemenda raunvísinda- og tölvusviðs upplifði jákvætt viðhorf kennara til fjarnema.

Tafla 4. Námsgengi og upplifun eftir námssviði

		Félags	Heilbrigðis	Mennta	Raun og Tölvu	Viðskipti	Annað	Mennta-vísindi & önnur grein	χ^2	p
Lotur	Gagnlegar	68%	100%	74%	86%	75%	84%	75%	5,201	0,518
	Gagnslitlar	32%		27%	14%	25%	17%	25%		
Námsgengi	Mjög vel	43%	55%	42%	50%	38%	44%	56%	21,031	0,637
	Vel	49%	46%	56%	50%	62%	56%	44%		
	Frekar illa	9%		3%						
Áhrif fjarnáms á námsgengi	Jákvætt	82%	91%	63%	70%	82%	89%	100%	11,710	0,469
	Neikvætt	6%		19%	10%	9%				
	Skiptir engu	12%	9%	17%	20%	9%	11%			
Viðhorf kennara	Jákvætt	80%	64%	64%	40%	91%	75%	67%	19,170	0,085
	Neikvætt	6%		14%	20%	9%	25%	11%		
	Bæði jákvætt og neikvætt	14%	36%	22%	40%			22%		

Nemendur HR töldu allir lotur vera gagnlegar og almennt töldu nemendur allra skóla lotur gagnlegar en hlutfallið var lægst hjá nemendum HÍ. Töluverður munur var á mati nemenda á námsgengi sínu eftir skólum og voru 14%

nemenda HR til að mynda á því að námið gengi illa. Nemendur á Bifröst voru flestir á því að nám þeirra gengi mjög vel. Áhrif fjarnámsfyrirkomulagsins á námsgengi var ólíkt eftir skólum en um fjórðungur nemenda HÍ og HR töldu það hafa neikvæð áhrif á námsgengi sitt. Svipað hlutfall nemenda þeirra tveggja skóla upplifðu einnig neikvætt viðhorf kennara til fjarnema.

Tafla 5. Námsgengi og upplifun eftir skóla

		HA	HÍ	HR	Bifröst	Aðrir	Fleiri en einn skóli	χ^2	p
Lotur	Gagnlegar	83%	66%	100%	71%	70%	73%	5,274	0,383
	Gagnslitlar	17%	35%		29%	30%	27%		
Námsgengi	Mjög vel	42%	42%	29%	89%	17%	64%	19,286	0,037*
	Vel	56%	56%	57%	11%	83%	29%		
	Frekar illa	2%	2%	14%			7%		
Áhrif fjarnáms á námsgengi	Jákvætt	87%	61%	57%	100%	83%	93%	26,217	0,003*
	Neikvætt		24%	29%					
	Skiptir engu	13%	15%	14%		17%	7%		
Viðhorf kennara	Jákvætt	83%	54%	57%	100%	83%	64%	21,032	0,021*
	Neikvætt		22%	29%		8%	14%		
	Bæði jákvætt og neikvætt	17%	24%	14%		8%	21%		

Upplifun af viðhorfi kennara eftir námsfyrirkomulagi var jákvæðari hjá þeim sem voru í fjarnámi eða lotunámi en þeim sem voru að taka staðnám í fjarnámi en þriðjungur nema sem voru í því fyrirkomulagi upplifðu neikvætt viðhorf kennara til fjarnema.

Tafla 6. Upplifun af viðhorfi kennara og fyrirkomulag náms

		Fjarnám að öllu leyti	Staðnám sem er tekið í fjarnámi	Lotunám (blanda af fjarnámi og mætingum í lotur)	χ^2	p
Upplifun af viðhorfi kennara til fjarnema	Jákvætt	72%	55%	74%	8,666	0,070
	Neikvætt	8%	36%	11%		
	Bæði og	21%	9%	17%		

Áhrif vinnu á námsgengi voru almennt jákvæð en þau sem voru minna en hálfu starfi upplifðu frekar blönduð viðhorf.

Tafla 7. Áhrif vinnu á námsgengi

		Fullu starfi	Meira en 50% starfi	Minna en 50% starfi	Ekki í starfi	χ^2	p
Áhrif fjarnáms á námsgengi	Jákvætt	84%	76%	50%	88%	23,381	0,001
	Neikvætt	11%	11%		6%		
	Bæði og	5%	13%	50%	6%		

Mætingar í lotur

Nemendur mættu að meðaltali 6 daga í lotur á önn, algengast var að mæta í 5 daga en nemendur í fjarnámi mættu á bilinu 0-30 daga á önn í kennslustundir. Nemendur í fjarnámi mættu í tæplega 6 daga og nemendur í lotunámi 7 daga. Nemendur sem voru að taka staðnám í fjarnámi mættu 3-4 daga á önn í skóla sinn. Raun- og tölvuvísindanemar mættu langflesta daga í skólann eða rúmlega 11 en viðskipta- og félagsvísindanemar sjaldnast eða

4 daga. Nemendur sem voru í meira en hálfu starfi eða fullu starfi mættu flesta daga í lotur eða 6-8 daga en nemendur sem ekki voru í starfi með náminu mættu í 4 daga.

Tafla 8. Mætingar í lotur


		Heild	Karlar	Konur	F	p
	Allir	6,2	6,1	6,2		
Skóli	HA	5,4	4,3	5,3		
	HÍ	5,8	4,0	6,0		
	HR	12,3	6,7	20,0	2,482	0,005*
	Bifröst	4,3	3,5	4,8		
	Aðrir	6,7	6,7	8,0		
Fyrirkomulag náms	Fjarnám eingöngu	5,9	5,8	5,9		
	Staðnám tekið í fjarnámi	3,6	1,5	4,5	1,755	0,178
	Lotunám	6,8	7,1	6,7		
Svið	Félagsvísindi	4,2	1,7	4,5	3,401	0,004*
	Heilbrigðisvísindi	6,8	8,0	6,7		
	Menntavísindi	7,5	6,3	7,6		
	Raun- & tölvuvísindi	11,3	15,3	10,2		
	Viðskipti	3,9	3,0	4,4		
	Annað	6,5	6,0	6,4		
Starf	Fullu starfi	6,1	6,6	6,0		
	Meira en 50% starfi	7,8	7,0	7,7	2,334	0,078
	Minna en 50% starfi	5,0		5,0		
	Ekki í starfi	3,9	1,5	4,2		

Kostir og gallar fjarnáms

Opin spurning þar sem nemendur voru beðnir að svara opinni spurningu um kosti og galla fjarnáms, var svarað af 113 svarendum og voru svörin um margt svipuð. Nemendur nefndu það sem galla að vera ein og fjarri umræðu og svo viðhorf kennara. Meirihluti nemenda taldi helsta kostinn vera sjálfræðið og nefndu einnig sparnað við að þurfa ekki að flytja og geta haldið vinnu sinni auk þess sem tæknin og notkun hennar var jákvæð s.s. með upptökum og hópvinnum gegnum samskiptaforrit.

Tafla 9. Kostir og gallar fjarnáms

Gallar	einn	37,6%
	fjarlægð frá umræðu	21,1%
	viðhorf kennara	17,4%
	álag	9,2%
	lotur	8,3%
	taka upp ekki beint	7,3%
	kostnaður	6,4%
	námsframboð	4,6%
Kostir	sjálfræði	84,4%
	sparnaður	16,5%
	tækni	13,8%
	þekkingarauki fyrir svæðið	2,8%
	lotur	0,9%



Umsagnir nemenda – tilvitnanir í svör við opnum spurningum

Þeir nemendur sem luku ekki námi voru beðnir að tiltaka ástæður þess.

deila við leiðbeinanda

Er í pásu vegna kostnaðar við að vera í fjarnámi auk lélegra samskipta við skóla

Fjarnemum gert erfitt fyrir að sinna náminu.

kláraði ekki master, of langt nám og of dýrt

Kostnaður aðallega

of mikið af fjarveru frá vinnu

Persónulegar aðstæður

Skipulag eða frekar skipulagsleysi fjarnámsins

Starfsnám ólaunað - lotur of tímafrekar

Þetta var 100% fjarnám, ekki næg tenging við aðra nemendur og kennara

Þurfti að vinna með námi svo mikið.

Um lotur

Er ekki í aðstöðu til að taka mér fri frá vinnu og fjölskyldu til að sitja tíma í nokkra daga fyrir norðan. Ræddi við nokkra fyrrum nemendur sem allir sögðu það sama: Loturnar væru hálf tilgangslausar.

Fyrir bóklegu fögin voru þær mjög gagnslitlar en fyrir verklegu fögin breyttu staðloturnar öllu.

Hefði mátt hafa sumar lotur meira sniðnar að fjarnemum og markvissari. Algengt var að fjarnemar kæmu inn í dagskrá staðnema. Alltaf gagnlegt að hitta samnemendur og kennara.

Mjög gagnlegar en mættu vera betur skipulagðar til að stytta fjarveru frá heimili

Mjög gagnlegar og bæði gaman og gott að hitta aðra nemendur en erfitt oft að fá gistingu og einnig kostnaðarsamt að ferðast til og frá Reykjavík og borga húsnæði ekki síst að taka sumarfrí frá vinnu

Var námið fyrsta val

Já og nei. Ég datt inn á þetta nám þegar ég var að skoða annað en var mjög ánægð að taka það og varð því það sem ég hefði kosið mér. Tækifæri til listnáms hefði verið kjörið en stendur ekki til boða nema í staðnámi og svo margt annað nám sem ég hefði viljað fara í.

Já en þurfti að flytja til Rvk í 1 ár til að taka það sem var ekki kennt í fjarnámi svo ég gæti klárað námið

Ég hafði áhuga á náminu en var bundin við [stað] og hafði því ekki sama úrval af námsleiðum og ég hefði haft hefði ég verið í bænum. Mögulega hefði ég frekar viljað stunda annað nám ef ég hefði haft tök á því.

Um viðhorf kennara

Allir nemar voru fjarnemar. En þeir sem komu lengra að fengu lítinn skilning varðandi ferðakostnað og vinnutap vegna skipulags námsins

Fer eftir kennara sumir taka ekkert tillit til þess að maður sé í fjarnámi meðan aðrir eru allir að vilja gerðir að auðvelda/aðstoða

Jákvætt að mestu leiti sumir kennarar áttu erfitt með eða gleymdu að sinna fjarnemum og fyrir suma kennara erfitt að stilla/aðlaga námsefni að aðstæðum fjarnema sem bjuggu á landsbyggðinni þ.e. þeim sem bjuggu fremur langt frá höfuðborginni t.d Austurland/ Norðurland

Jákvætt hjá flestum en ekki öllum. Einn kennari neitaði t.d. að setja fyrirlestra á netið og var áfanginn þó kynntur fyrir bæði stað og fjarnema. Ég gafst upp á þeim áfanga og skipti þ.a.l. um námsleið

Kennarar virtust sáttir við að hluti nemenda væri í fjarnámi, en gerðu samt engar ráðstafanir til að aðlaga kennsluna að þeim hópi.

Misjafnt eftir kennurum, það er ekki vinsælt hjá lögfræðingum að láta taka sig upp.

Myndi ekki segja beint neikvætt en engu að síður ekki bein ánægja við fjarveruna og hversu langt í burtu maður er

Neikvætt í einum áfanga. Trúði ekki að við fjarnámsnemar værum að fylgjast með fyrirlestrum og við værum að fá miklu minna út úr þessu en aðrir.

Oftast jákvætt en einnig oft sinnuleysi

Sumir kennarar höfðu neikvætt viðhorf og var nokk sama þó upptökur virkuðu ekki, það væri okkar mál að vera í fjarnámi. Það ætti að vera betri þjónusta við staðarnema

Hefðir þú frekar valið staðnám

Best væri fjarnám þar sem öllum þörfum fjarnema væri sinnt. Mikill mismunur á þjónustu og aðstoð sem býðst staðarnemum vs. fjarnemum

Bæði já og nei en ég myndi hvetja ungt fólk til að fara frekar í staðnám upp á félagsskapinn og að skapa tengsl til framtíðar

Bæði og.. fannst mjög gott að geta verið í fjarnámi og geta sinnt mínu her en stundum hefði mér þótt gott að vera í staðnámi. Vegna hópsins (bekkjarins) og stundum væri vettvangsferðir sem við misstum af

Ef ég hefði tök á já en staðan er ekki svo góð

Lotunám í fjarnámi með vinnu hentar mér vel. Ég vildi að íslenskir háskólar byðu upp á meira fjar- og lotunám, það var eitthvað skrítið við það að geta skráð sig í fjarnám frá skoskum háskóla en ekki íslenskum.

Nei því ég hefði ekki getað hætt í vinnu til að fara í skóla

Kostir og gallar fjarnáms

Að þurfa ekki að flytja, að hlusta á fyrirlestra þegar mér hentar gallar að taka ekki þátt í háskólasamfélaginu, hópavinna tímafrek.

Fjarnám gefur manni kost á því að stunda vinnu með skóla en á móti kemur að fjarðlægd við kennara verður meiri. Ég var þó svo heppin að hafa mjög góðan kennara sem fylgdi mér allt námið og gat ég alltaf leitað til hans hvort sem var að fá upplýsingar við verkleg verkefni (í gegnum Skype) eða hvað það var sem mig vanhagaði um. Þó var ég vör við það í staðlotum að staðnemar höfðu ákveðið forskot.

fjárhaglegir vegna ferða og uppihaldskostnaðar við nám

Kostir að maður getur stjórnað því betur hvenær dags námið fer fram, þægilegt að geta horft á fyrirlestrana eins oft og þörf er á. Gallar að það er sjúklega dýrt að fara suður í staðarlotur og ekki alveg sama aðhald sem maður fær í staðnámi, maður þarf að hafa meiri sjálfsaga í fjarnámi. Einnig vantar mikið upp á að tengjast skólafélögum þegar maður er í fjarnámi.

kostir eru að þú getir unnið með náminu og lært á kvöldin, þú getur einnig stundað nám og búið þá hvar sem er á landinu. Gallarnir eru hversu lítið er komið á móts við fjarnema varðandi staðlotur og annað. Í mínu námi voru t.d. langar staðlotur og eru 2-3 á önn. Hver staðlota er því mikill aukakostnaður og oft sem kennarar voru ekki einu sinni að nýta allan tímann í kennslu. Eins og stundum komu dagar inn í miðri viku í staðlotu þar sem var ekkert kennt og þá þurfti maður bara að hanga í Reykjavík að bíða og missa úr vinnu. Mér finnst allaveganna í [grein] að fjarnámið er illa skipulagt og alls ekki skipulagt með nemandann í fyrsta sæti, það virðist vera algjört aukaatriði fyrir kennara að maður sé að ferðast langar vegalengdir, þurfi að borga gistingu og annað, það er ekki reynt að komast á móts við okkur með því t.d. að þjappa kennslu niður á 2-3 daga í staðinn fyrir að dreifa þeim á 5 daga.

Kostir eru sveigjanleikinn, að geta hlustað upptökur þegar hentar, spólað fram og til baka og velt því sem kennarinn segir fyrir sér. Miklu betra fyrir mig heldur en að sitja í tíma. Gallar er fjarlægðin við kennarann og oft fannst manni kennarinn ekki átta sig á að það var fólk á bak við myndavélina sem var að hlusta. Stærsti gallinn við fjarnámið hérna er að það er lítið úrval og það sem er í boði gerir þér ekki kleift að klára gráðuna, bara hluta af henni. Ég var búin að stefna á framhaldsnám í 10 ár en það gekk einhvernvegin ekki upp. Endaði á því að ég flutti tímabundið og kom svo heim aftur sem var sérstaklega óhentugt þegar maður er með 3 börn.

sveigjanlegir tímar sem gefa kost á að stunda vinnu með námi, en gerir það mun erfiðara að fá aðgang að umræðutímum til dæmis og öðru sem fer fram í skólastofu sem er ekki tekið upp, eins getur verið erfiðara að ná sambandi við kennara fyrir frekar svör sem og hópavinna er alveg hrikaleg

Samantekt könnunar meðal fjarnema

Niðurstöður könnunar meðal fjarnema benda til þess að fjarnemar undanfarinna ára á Austurlandi séu að stærstu leyti sáttir með það nám sem þeir stunduðu og langflestir hafi getað valið sér það nám sem þeir helst vildu stunda.

Þátttakendur endurspegluðu nokkuð vel þann hóp sem stundað hefur eða hefur verið skráður í fjarnám undanfarin ár á Austurlandi, þá er átt við hvað varðar aldur, kynjahlutfall, búsetu og skóla. Því er hægt að álykta að niðurstöðurnar megi nota til að draga upp nokkuð raunsanna mynd af upplifun þessa hóps. Nemendum gengur flestum nokkuð vel við námið og telja fyrirkomulagið hafa reynst ágætlega. Almennt mæta nemendur jákvæðu viðmóti kennara til fjarnema en nemendur sem stunduðu nám sem ekki er skilgreint sem fjarnám mættu helst skilningsleysi kennara, að einhverju leyti skiljanlegt þar sem uppsetning námsins var hönnuð með staðnám í huga, jafnvel þó námið sem slíkt hentaði vel til fjarnáms. Mikill meirihluti fjarnema stundaði vinnu með námi sínu. Langflestir karlar voru í fullri vinnu með náminu en ekki var spurt um námshlutfall eða námsframvindu og því óvíst hvort þeir hafi verið í fullu námi. Konur voru mun oftari í hlutastarfi með náminu. Um helmingur nemenda sagðist frekar hafa kosið staðnám ef þeir hefðu haft þess kost. Ekki var marktækur munur á upplifun nemenda af fjarnáminu eftir námssviðum en munur var á upplifun nemenda eftir skólum hvað varðar námsgengi, áhrif fjarnámsfyrirkomulagsins á námsgengi og viðmót kennara. Að meðaltali mættu nemendur 6 daga á önn í lotur/kennslustundir í skóla sínum. Dagafjöldinn var þó mjög ólíkur milli sviða og skóla og námsfyrirkomulags.

Áhugi og þörf fyrir fjarnám á Austurlandi

Rafræn könnun á áhuga fyrir fjarnámi var opin í tvær vikur vorið 2018. Tilgangurinn var að kanna hug íbúa til fjarnáms og þörf þeirra fyrir fjarnám á háskólastigi; þar á meðal hvort þörf og/eða áhugi er fyrir að opna fleiri námsleiðir eða hvort sátt er um það framboð sem hefur verið. En framboð greina í fjarnámi frá háskólunum hefur verið svipað í fjölmörg ár og nýjar námsgreinar eða fræðasvið hafa ekki bæst við. Spurt var um áhuga fyrir námi, áform um nám, hugsanlegar hindranir og það nám og fyrirkomulag sem svarendur sæju fyrir sér ef þeir færu í nám.

Niðurstöður

Gild svör voru 288. Niðurstöður eru settar fram fyrir heildarhóp svarenda og eftir kynjum. Rúmlega 200 konur svöruðu könnuninni og tæplega 80 karlar. Þriðjungur svarenda var á aldrinum 36-45 ára sem er sá aldurshópur sem hefur verið fjölmennastur í nemendahópi. Boðið var upp á svarmöguleikann yngri en 26 ára en aðeins 6 svarendur voru í þeim hópi og því var svarkosturinn sameinaður í 35 ára og yngri. Svarendur voru spurðir um hæstu loknu prófgráðu og hafði um þriðjungur lokið grunnháskólagráðu og fjórðungur stúdentsprófi eða öðru lokaprófi af framhaldsskólastigi. Um 40% kvenna í hópi svarenda höfðu lokið grunnháskólagráðu og aðeins um 2% þeirra lokið iðnnámi. Í hópi karla hafði um fjórðungur lokið grunnháskólagráðu og fjórðungur lokið iðnnámi. Munurinn á menntunarstöðu karla og kvenna telst marktækur þ.e. töluvert umfram það sem búast hefði mátt við.

Tafla 10. Svarendur

		Allir	Karlar	Konur	χ^2	p
Kyn	Fjöldi	288	77	202		
N=279	Hlutfall		28%	72%		
			76	200		
Aldur	35 ára eða yngri	34%	27,3%	36,6%		
(N=282)	36-45 ára	31%	35,1%	28,7%		
	46 ára eða eldri	36%	37,7%	34,7%		
			76	201		
Menntun	Grunnskóli	14%	15%	14%		
(N=281)	Stúdent/annað lokapróf af framhaldsskólastigi	25%	21%	27%		
	Iðnnám - sveinn/meistari	8%	26%	2%	46,13	<0,001*
	Grunnháskólagráða	35%	24%	40%		
	Meistaragráða	17%	15%	17%		
			76	200		
Búseta	Fjarðabyggð	46%	46%	47%		
N=280	Fljótsdalshérað	40%	38%	40%		
	Önnur sveitarfélög	14%	16%	13%		

Spurt var um áhuga og námsáform en spurt var hvort svarendur hefðu hugleitt að sækja sér meiri menntun og líkurnar á því að láta verða af því á næstu 5 árum. Níu af hverjum tíu hafði hugleitt að sækja sér meiri menntun og álíka margir höfðu hugleitt að fara í nám. Um 75% taldi líkur á að láta verða af því á næstu 5 árum. Einnig var spurt hvort fólk hefði kynnt sér framboð á framhalds- og háskóalnámi á Austurlandi og var tæplega helmingur sem hafði gert það.

Tafla 11. Áhugi og námsáform

		Allir	Karlar	Konur	χ^2	p
	N	288	77	202		
Hefur þú hugleitt að sækja þér meiri menntun?	Nei	10%	14%	9%	1,729	0,0137
	Já	90%	86%	91%		
	N	284	76	199		
Hefurðu hugleitt að fara í nám?	Nei	8%	7%	9%	0,288	0,398
	Já	92%	93%	92%		
	N	282	75	198		
Eru líkur á að þú látir verða af því að fara í nám á næstu 5 árum?	Nei	26%	24%	27%	0,217	0,382
	Já	74%	76%	73%		
	N	284	76	199		
Hefurðu skoðað framboð á framhalds- og háskólanámi á Austurlandi?	Já	45%	50%	44%	0,875	0,212
	Nei	55%	50%	56%		

Spurt var hvort svarendur sæju fyrir sér að stunda stað- eða fjarnám, mat þeirra á framboði fjarnáms á Austurlandi og svo líkur á að fá vinnu við hæfi eftir nám. Minnihluti taldi framboð á fjarnámi gott og rúmlega helmingur taldi það takmarkað. Meirihluti sá fyrir sér að fara í fjarnám, eða 75% karla og 84% kvenna. Langflest töldu líkur á að fá starf við hæfi að námi loknu á Austurlandi og fyrir stóran hluta skipti það máli að námið leiddi til starfa á Austurlandi, 81% kvenna taldi það mikilvægt og 63% karla og var þessi munur marktækur.

Tafla 12. Námsframboð, námsfyrirkomulag, nýting náms

		Allir	Karlar	Konur	χ^2	p
Hvernig finnst þér framboð á fjarnámi á Austurlandi?						
	N	284	77	199		
Mjög/Frekar gott		19%	13%	21%	6,199	0,102
Frekar takmarkað		37%	35%	38%		
Mjög takmarkað		18%	17%	19%		
Veit ekki		26%	35%	22%		
Ef þú færir í nám, myndir þú fara í fjar- eða staðnám?						
	N	282	75	199		
Fjarnám		82%	75%	84%	4,110	0,128
Staðnám		7%	8%	7%		
Það skiptir ekki máli		12%	17%	9%		
Hversu líklegt er að þú fái vinnu við hæfi á Austurlandi út frá því námi sem þú myndir helst sækjast eftir?						
	N	273	75	191		
Mjög miklar líkur		41%	36%	42%	0,927	0,629
Nokkrar líkur		44%	49%	44%		
Litlar líkur		15%	15%	14%		
Það skiptir máli að það nám sem ég vel leiði til atvinnutækifæra á Austurlandi?						
	N	285	76	200		
Já, það skiptir máli að starfa áfram á Austurlandi		76%	63%	81%	9,636	0,002*
Nei, nám má leiða til starfa utan Austurlands		24%	37%	19%		

Spurt var um á hvaða námsstigi svarendur sæju fyrir sér að stunda nám. Tæplega helmingur valdi framhaldsháskólagráðu og var yfir helmingur kvenna sem valdi þann kost en þriðjungur karla, nær jafn margir og stefndu á grunnháskólagráðu. Engin kona hugði á meistaranám í iðn en um 10% karla sáu það fyrir sér sem næsta skref í námi. Eins var munur á kynjunum varðandi sveinspróf í iðn en 27% karla stefndi á slíkt nám en 7% kvenna.

Tafla 13. Námsstig

	Allir	Karlar	Konur	χ^2	p
N	288	77	202		
Starfsnám á framhaldsskólastigi	15%	18%	14%	0,626	0,269
Stúdentspróf	9%	9%	8%	0,032	0,511
Iðnnám - sveinn	12%	27%	7%	21,027	0,000
Iðnnám - meistari	3%	10%			
Grunnháskólagráða	30%	31%	31%	0,006	0,524
Meistaragráða	49%	33%	55%	11,778	<0,001*
Doktorsnám	10%	9%	9%	0,007	0,570

Svarendur voru beðnir að meta hugsanlegar hindranir eða þætti sem hefðu letjandi áhrif á að þeir hefðu nám. Gefnir voru 8 svarkostir. Búseta og námsframboð voru þar talin hafa mikil letjandi áhrif af yfir helmingi svarenda eða 53%. Búseta var af 56% kvenna talin hafa letjandi áhrif og 43% karla merktu við það. Ekki var munur á kynjunum varðandi námsframboð þar sem yfir helmingur beggja kynja taldi það hafa letjandi áhrif. Efnahagur hafði áhrif á þriðjung svarenda, fleiri konur en karla. Fjölskyldustaða hafði einnig áhrif og oftar á konur en karla.

Tafla 14. Hugsanlegar hindranir eða letjandi þættir fyrir því að hefja nám

Hvaða þættir hafa letjandi áhrif á að þú hefir nám						
		Allir	Karlar	Konur	χ^2	p
		N 269	70	191		
Búseta	Lítill áhrif eða á ekki við	17%	19%	16%	3,815	0,148
	Einhver áhrif	31%	39%	28%		
	Mikill áhrif	53%	43%	56%		
Námsframboð	Lítill áhrif eða á ekki við	N 261	70	183	0,217	0,897
	Einhver áhrif	15%	16%	14%		
	Mikill áhrif	31,8	30%	33%		
Efnahagur	Lítill áhrif eða á ekki við	53%	54%	53%	3,047	0,218
	Einhver áhrif	N 263	71	185		
	Mikill áhrif	30%	35%	29%		
Fjölskyldustaða	Lítill áhrif eða á ekki við	35%	39%	25%	2,157	0,340
	Einhver áhrif	34%	25%	37%		
	Mikill áhrif	N 263	69	187		
Atvinnustaða	Lítill áhrif eða á ekki við	33,8	32%	34%	1,569	0,456
	Einhver áhrif	35%	42%	33%		
	Mikill áhrif	31%	26%	33%		
Óvissa um eigin getu	Lítill áhrif eða á ekki við	N 261	71	181	3,941	0,139
	Einhver áhrif	29%	34%	28%		
	Mikill áhrif	43%	38%	46%		
Óvissa um áhuga	Lítill áhrif eða á ekki við	28%	28%	26%	0,043	0,979
	Einhver áhrif	N 255	68	179		
	Mikill áhrif	57%	63%	56%		
Námserfiðleikar	Lítill áhrif eða á ekki við	27,1	29%	27%	1,483	0,476
	Einhver áhrif	16%	7%	17%		
	Mikill áhrif	N 251	68	176		
	Lítill áhrif eða á ekki við	65%	66%	65%		
	Einhver áhrif	24%	24%	24%		
	Mikill áhrif	11%	10%	11%		
	Lítill áhrif eða á ekki við	250	66	177		
	Einhver áhrif	65%	64%	66%		
	Mikill áhrif	24%	23%	25%		
	Lítill áhrif eða á ekki við	10%	14%	9%		
	Einhver áhrif					
	Mikill áhrif					

Spurt var um við hvaða skóla og á hvaða stigi svarendur sæju helst fyrir sér að stunda nám. Svarendur gátu merkt við alla svarkosti sem þeir töldu að hentaði. Hlutföllin í töflu 14 sýna því hlutfall svarenda sem merktu við að þeir vildu stunda nám við þann skóla á því stigi sem fram kemur. Ekki var mikill munur milli einstakra skóla varðandi framhaldsskólastig eða grunnnám en þó til staðar var munur var þegar kom að framhaldsnámi.

Þeir sem vildu stunda nám á framhaldsskólastigi sá helst fyrir sér að gera það við einhvern framhaldsskóla á Austurlandi. Grunn nám við Háskólann á Akureyri var valkostur 65% kvenna en karlar merktu oftar við Háskóla Íslands. Flestir vildu einnig stunda framhaldsnám við þessa tvo skóla eða yfir 70%.

Tafla 15. Áhugi fyrir skólum og námsstigi

		Allir	Karlar	Konur
Framhaldsskólastig/Háskólabrú	Einhvern framhaldsskóla á Austurlandi	63%	65%	61%
	Einhvern annan framhaldsskóla	60%	60%	59%
	Bifröst - Háskólabrú	58%	52%	60%
	Keili - Háskólabrú	57%	52%	58%
	Háskólann í Reykjavík - Háskólabrú	60%	57%	61%
	Háskólann á Hólum	56%	53%	56%
Grunn nám	Bifröst	57%	55%	57%
	Háskóla Íslands	60%	61%	59%
	Háskólann í Reykjavík	58%	57%	58%
	Háskólann á Akureyri	63%	57%	65%
	Landbúnaðarháskólann	56%	55%	56%
	Listaháskólann	56%	51%	57%
Framhaldsnám	Bifröst	58%	55%	57%
	Háskóla Íslands	74%	61%	59%
	Háskólann í Reykjavík	65%	57%	58%
	Háskólann á Akureyri	72%	57%	65%
	Landbúnaðarháskólann	55%	55%	56%
	Listaháskólann	58%	51%	57%

Áhuga fyrir námi við einstaka skóla eftir námsfyrirkomulagi og kynjum má sjá í viðauka 1.

Samantekt könnunar meðal Austfirðinga á þörf og áhuga fyrir fjarnámi


Rúmlega 200 konur svöruðu könnuninni og tæplega 80 karlar. Þriðjungur svarenda voru á aldrinum 36-45 ára sem er sá aldurshópur sem hefur verið fjölmennastur í nemendahópi. Hafði um þriðjungur lokið grunnháskólagráðu og fjórðungur stúdentsprófið eða öðru lokaprófi af framhaldsskólastigi. Um 40% kvenna í hópi svarenda höfðu lokið grunnháskólagráðu og aðeins um 2% þeirra lokið iðnnámi. Í hópi karlar hafði um fjórðungur lokið grunnháskólagráðu og fjórðungur lokið iðnnámi. Níu af hverjum tíu hafði hugleitt að sækja sér meiri menntun og álíka margir höfðu hugleitt að fara í nám. Um 75% taldi líkur á að láta verða af því á næstu 5 árum. Tæplega helmingur hafði kynnt sér framboð á framhalds- og háskólanámi á Austurlandi. Minnihluti taldi framboð á fjarnámi gott og rúmlega helmingur taldi það takmarkað. Meirihluti sá þó fyrir sér að fara í fjarnám, eða 75% karla og 84% kvenna. Langflestir töldu líkur á að fá starf við hæfi að námi loknu á Austurlandi og fyrir stóran hluta skipti það máli að námið leiddi til starfa á Austurlandi, 81% kvenna taldi það mikilvægt og 63% karla. Tæplega helmingur sá fyrir sér að næsta námsgráða væri framhaldsháskólagráða og var yfir helmingur kvenna sem valdi þann kost en þriðjungur karla, nær jafn margir og stefndu á grunnháskólagráðu. Engin kona hugði á meistaranám í iðn en um 10% karla sáu það fyrir sér sem næsta skref í námi. Eins var munur á kynjunum varðandi sveinspróf í iðn en 27% karla stefndi á slíkt nám en 7% kvenna. Svarendur voru beðnir að meta hugsanlegar hindranir eða þætti sem hefðu letjandi áhrif á að þeir hefðu nám. Gefnir voru 8 svarkostir. Búseta og námsframboð voru þar talin hafa mikil letjandi áhrif af yfir helmingi svarenda eða 53%. Búseta var af 56% kvenna talin hafa letjandi áhrif og 43% karla merktu við það. Efnahagur hafði áhrif á þriðjung

svarenda, fleiri konur en karla. Fjölskyldustaða hafði einnig áhrif og oftár á konur en karla. Þau sem vildu stunda nám á framhaldsskólastigi sáu helst fyrir sér að gera það við einhvern framhaldsskóla á Austurlandi. Grunn nám við Háskólann á Akureyri var valkostur 65% kvenna en karlar merktu oftár við Háskóla Íslands. Flest vildu einnig stunda framhaldsnám við þessa tvo skóla eða yfir 70%.

Námsáform ungmenna á Austurlandi

Könnun meðal 16-20 ára ungmenna á Austurlandi var framkvæmd gegnum netið í apríl 2018 og var aftur opnuð í september 2018. Um 600-700 einstaklingar eru á þessum aldri á Austurlandi¹. Alls svöruðu 106. Svarhlutfall er því fremur lágt. Könnuninni var dreift gegnum póstlista framhaldsskólanna á svæðinu en í þeim eru 250-350 nemendur á þessu aldursbili. Gera má ráð fyrir að flestir svarendur séu nemendur við framhaldsskólana og ekki hafi náðst til þess hóps sem ekki er í námi eða stundar nám utan Austurlands. Um helmingur svarenda var yngri en 18 ára og helmingur 18 til 20 ára. Fleiri stelpur svöruðu könnuninni, 63% og 37% karlar. Flest stefndu á að ljúka háskólaprófi eða 62% svarenda. Ekki var munur á svörum eftir aldri svarenda en töluverður munur milli kynja þar sem 67% stúlkna áformuðu að ljúka háskólaprófi en 51% stráka. Rúmlega 10% strákanna stefndu á að ljúka iðnnámi og um 6% stelpnanna. Mikill munur var milli kynjanna varðandi stúdentsprófið en 33% strákanna stefndu á að ljúka því sem hæstu prófgráðu en 19% stelpnanna sáu það fyrir sér.


Spurt var um námsáform og áhuga fyrir námsgreinum á háskólastigi og einnig um fyrirkomulag námsins þ.e. hvort nemendur sæju fyrir sér að stunda námið í fjar- eða staðnámi. Mestur áhugi var á námi á félagsvísindasviði og listnámi en þar á eftir nám í heilbrigðisvísindum og menntavísindum. Fæstir sýndi áhuga á námi í hugvísindum og búvísindum.



Mynd 3. Áhugi fyrir námi eftir sviðum og fyrirkomulagi

¹ Hagstofa Íslands. (e.d.) Mannfjöldi í sveitarfélögum. Sótt af http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar__mannfjoldi__2_byggdir__sveitarfelag/MAN02005.px/table/tableViewLayout1/?rxid=6f55ba33-944d-4b93-8357-57e36d8e23e7


Þó nokkur munur var á áhuga kynjanna á þeim námsgreinum sem settar voru fram en kynin höfðu nokkuð jafnan áhuga fyrir félagsvísindum en töluvert fleiri strákar höfðu áhuga á verkfræði, tölvunarfræði og raunvísindum en stelpur. Fleiri stelpur en strákar höfðu áhuga á listnámi og námi í menntavísindum sem og tungumálanámi.



Mynd 4. áhugi eftir námsgreinum og kyni


Spurt var um hvort það kæmi til greina að stunda háskólaám í fjarnámi. Svör skiptust jafnt á milli svarmöguleikanna já, nei og veit ekki og ekki var munur milli karla og kvenna. Munur var hins vegar á svörum eftir aldurshópum en 34% yngri en 18 ára voru jákvæð fyrir að stunda háskólanám sitt í fjarnámi og 40% óákveðin en í eldri hópnum 18-20 ára voru 40% jákvæð fyrir því og 24% óákveðin. Spurt var um hvort þekking væri til staðar á fjarnámsframboði háskólanna í landinu og hafði um fjórðungur kynnt sér það. Ekki var munur milli kynja eða eftir aldri.

Að lokum var spurt um iðnnám og kannaður áhugi fyrir nokkrum greinum iðngreina. Um 40% hafði ekki áhuga á iðnnámi en svarendur dreifðust nokkuð jafnt milli iðngreina. Einnig var spurt hvort áhugi væri fyrir því að stunda iðnnám í fjarnámi og var tæplega helmingur ósammála því, um 23% höfðu áhuga fyrir því og önnur 23% voru ekki viss.




Mynd 5. Áhugi fyrir iðnnámi

Ef áhugi fyrir iðnnámi var skoðaður eftir kyni kom í ljós að þó nokkur kynjamunur er í flest öllum iðngreinum nema einkaþjálfun og matargreinum. Enginn strákur lýsti áhuga á snyrtingu og hárgreiðslu og engin stelpa sýndi áhuga fyrir pípulögnum.



Mynd 6. Áhugi fyrir iðnnámi eftir kyni

Aldur hafði áhrif á áhuga fyrir iðnnámi en 65% í yngri aldurshópnum (undir 18 ára) hafði áhuga á iðnnámi en 54% í 18-20 ára hópnum.



Mynd 7. Áhugi fyrir iðnnámi eftir aldri

Samantekt könnunar um námsáform ungmenna á Austurlandi

Alls svöruðu 106. Um helmingur svarenda var yngri en 18 ára og helmingur 18 til 20 ára. Fleiri konur svöruðu könnuninni, 63% og 37% karlar. Flest stefndu á að ljúka háskólaprófi eða 62% svarenda. Ekki var munur á svörum eftir aldri en töluverður munur milli kynja þar sem 67% stúlkna áformuðu að ljúka háskólaprófi en 51% stráka. Rúmlega 10% strákanna stefndu á að ljúka iðnnámi og um 6% stelpnanna. Mikill munur var milli kynjanna varðandi stúdentsprófið en 33% strákanna stefndu á að ljúka því sem hæstu prófgráðu en 19% stelpnanna sáu það fyrir sér. Mestur áhugi var á námi á félagsvísindasviði og listnámi en þar á eftir nám í heilbrigðisvísindum og menntavísindum. Fæst sýndu áhuga á námi í hugvísindum og búvísindum. Þó nokkur munur var á áhuga kynjanna á þeim námsgreinum sem settar voru fram en kynin höfðu nokkuð jafnan áhuga fyrir félagsvísindum en töluvert fleiri strákar höfðu áhuga á verkfræði, tölvunarfræði og raunvísindum en stelpur. Fleiri stelpur en strákar höfðu áhuga á listnámi og námi í menntavísindum sem og tungumálanámi. Um 34% yngri en 18 ára voru jákvæð fyrir að stunda háskólanám sitt í fjarnámi og 40% óákveðin en í eldri hópnum 18-20 ára voru 40% jákvæð fyrir því og 24% óákveðin. Um 40% hafði ekki áhuga á iðnnámi en svarendur dreifðust nokkuð jafnt milli iðngreina. Einnig var spurt hvort áhugi væri fyrir því að stunda iðnnám í fjarnámi og var tæplega helmingur ósammála því, um 23% höfðu áhuga fyrir því og önnur 23% voru ekki viss. Ef áhugi fyrir iðnnámi var skoðaður eftir kyni kom í ljós að þó nokkur kynjamunur er í flest öllum iðngreinum nema einkaþjálfun og matargreinum. Enginn strákur lýsti áhuga á snyrtingu og hárgreiðslu og engin stelpa sýndi áhuga fyrir pípulögnum. Aldur hafði áhrif á áhuga fyrir iðnnámi en 65% í yngri aldurshópnum (undir 18 ára) hafði áhuga á iðnnámi en 54% í 18-20 ára hópnum.

Viðhorf atvinnulífsins

Rætt var við aðila í atvinnulífinu; bæði frá fyrirtækjum og stofnunum. Tekið var eitt hópviðtal þar sem mættu sex einstaklingar frá jafnmörgum fyrirtækjum. Þar voru tvö sjávarútvegsfyrirtæki, eitt iðnfyrirtæki, ein menntastofnun, ein opinber safnastofnun og ein opinber þverfagleg sérfræðingastofnun.

Þarfir varðandi menntun voru eftir því ólíkar. Menntastofnunin þurfti helst á því að halda að hafa réttindakennara og skortir oft á að iðngreinarkennarar séu með slík réttindi. Einnig var fyrirkomulag kennsluréttindanáms gagnrýnt og óskað eftir því að það væri alfarið í fjarnámi til að raska ekki skólastarfi og svo var talin takmörkuð þörf á að mæta og hlýða á sömu fyrirlestra og voru sendir út sem upptökur almennt. Áhersla menntastofnunarinnar og framtíðarsýn er efling verk- og iðnnáms en þar þarf að breyta áherslum í náms- og starfsráðgjöf sem og almennt varðandi þá menntun. Báðar opinberu stofnanirnar þurfa að hafa á að skipa háskólamenntuðum sérfræðingum sem geta sinnt þeim störfum sem stofnununum er ætlað að leysa. Ekki hefur verið vandamál að finna háskólamenntað fólk til starfa. Báðar stofnanir taka undir gagnrýni á lotur og mætingaskyldu nemenda og vilja báðar sjá mun fjölbreyttara framboð háskólanáms. Sjávarútvegsfyrirtæki þurfa ekki hátt hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna, helst sérfræðingar í stjórnun, sjávarútvegsfræðum og viðskiptum sem þar starfa með slíka menntun. Hins vegar er mikil þörf fyrir fólk með iðnmenntun á sviði vélfræði og tækni. Á því er hins vegar mikill skortur. Bæði er vinnutíminn óaðlaðandi í mörgum tilfellum en svo er einfaldlega um að ræða skort á fólki. Þá er gripið til þess ráðs að ráða erlenda starfsmenn og er mikilvægi íslenskukennslu töluvert fyrir þessi fyrirtæki. Mikilvægt er talið að íslenskukennarar séu t.d. ekki endilega Íslendingar heldur eru hér til að mynda fjölmargir Pólverjar og mikilvægt að hlusta á þá rödd sem telur að það sé gagnlegt eða jafnvel gagnlegra fyrir byrjendur í íslenska tungumálinu að hafa pólskan kennara. Sama á við hjá iðnfyrirtækinu, bæði hvað varðar þörf fyrir iðnmenntað fólk og góða íslenskukennslu.

Samantekt um viðhorf og þörf atvinnulífsins

Stórukið framboð þarf að vera á fólki með iðn og tæknimenntun. Bæði á háskóla og framhaldsskólastigi, meira þó á framhaldsskólastigi. Huga þarf sérstaklega að íslenskukennslu verkafólks m.a. með því að skoða möguleika á að hafa pólskumælandi kennara fyrir byrjendur.



Að lokum

Niðurstöður þessarar greiningar benda til þess að þörf og áhugi fyrir fjarnám haldist nokkuð í hendur við framboðið. Ekki hefur orðið dramatísk breyting á framboði en nemendum hefur ekki fækkað. Því er ákveðinni þörf líklega svarað með núverandi fyrirkomulagi. Þó er það ekki endilega fyrsti valkostur allra að vera í fjarnámi en aðstæður leyfa ekki annað. Auka þarf fjölbreytni í framboði fjarnáms hvað varðar raun og iðngreinar á háskólastigi en ekki síður eru þar sóknarfæri á framhaldsskólastigi. Atvinnulífið og stærstu atvinnurekendur fjórðungsins reiða sig mikið á iðn og tæknimenntað fólk en ekki er hægt að fá Íslendinga til starfa í þeim greinum þar sem einfaldlega er skortur á fólki með slíka menntun. Þar kemur margt til og þá meðal annars viðhorf til slíkrar menntunar og þarf að verða þarf breyting á. Ungt fólk í þessari könnun sem hér var gerð er ekki áhugalaust um iðnnám og því tækifæri til að efla slíkt framboð. Háskólamenntun í starfi er ekki almenna viðmiðið á stærstu vinnustöðunum og því ekki endilega þörf fyrir fleiri háskólamenntaða umfram þá sem nú þegar hafa verið að sækja sér menntun undanfarin ár og manna stöður í skólum og umönnunarstörfum. Þörfin liggur annars staðar í atvinnulífinu varðandi háskólamenntun og það framboð sem verið hefur undanfarin ár svarar engan vegin þörf þess.

Næstu skref

1. Greina betur þarfir atvinnulífsins
2. Kanna möguleika á auknu framboði raun-, verk- og tæknigreina á háskólastigi
3. Kanna möguleika á eflingu iðnnáms á framhaldsstigi með tilliti til fjarnáms



Viðauki – Áhugi fyrir námi við einstaka skóla eftir kyni og námsfyrirkomulagi.

Tafla 16. Áhugi fyrir námi á framhaldsskólastigi eða háskólabrú eftir námsfyrirkomulagi

Hefðir þú hug á að stunda nám við:		Allir	Karlar	Konur	χ^2	p
		N				
Einhvern framhaldsskóla á Austurlandi	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	180	50	124	3,773	0,152
	Myndi vilja stunda staðnám	72%	62%	76%		
	Myndi vilja stunda fjarnám	4%	4%	4%		
Einhvern annan framhaldsskóla	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	24%	34%	20%	4,231	0,121
	Myndi vilja stunda staðnám	172	46	120		
	Myndi vilja stunda fjarnám	68,6	57%	73%		
Bifröst - Háskólabrú	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	2%	4%	2%	1,753	0,416
	Myndi vilja stunda staðnám	29%	39%	26%		
	Myndi vilja stunda fjarnám	168	40	122		
Keili - Háskólabrú	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	80%	75%	81%	2,478	0,29
	Myndi vilja stunda staðnám	1,2		2%		
	Myndi vilja stunda fjarnám	19%	25%	17%		
Háskólann í Reykjavík - Háskólabrú	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	163	40	117	3,51	0,173
	Myndi vilja stunda staðnám	78%	70%	80%		
	Myndi vilja stunda fjarnám	1%		1%		
Háskólann á Hólum	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	22%	30%	19%	3,533	0,171
	Myndi vilja stunda staðnám	173	44	123		
	Myndi vilja stunda fjarnám	73%	64%	77%		

Tafla 17. Áhugi fyrir grunnnámi á háskólastigi eftir námsfyrirkomulagi

		Allir	Karlar	Konur	χ^2	p
		N				
Bifröst	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	164	42	116	1,291	0,524
	Myndi vilja stunda staðnám	75%	71%	76%		
	Myndi vilja stunda fjarnám	1%		2%		
Háskóla Íslands	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	24%	29%	22%	0,851	0,654
	Myndi vilja stunda staðnám	172	47	119		
	Myndi vilja stunda fjarnám	59,9	55%	61%		

Myndi vilja stunda fjarnám		37%	43%	35%			
		N	168	44	118		
Háskólann í Reykjavík	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám		67%	64%	68%	0,508	0,776
	Myndi vilja stunda staðnám		3	2%	3%		
	Myndi vilja stunda fjarnám		30%	34%	29%		
		N	182	44	132		
Háskólann á Akureyri	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám		51%	32%	49%	0,380	0,827
	Myndi vilja stunda staðnám		2%	2%	2%		
	Myndi vilja stunda fjarnám		47%	32%	49%		
		N	162	42	114		
Landbúnaðarháskólann	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám		78%	74%	79%	2,354	0,308
	Myndi vilja stunda staðnám		5%	2%	6%		
	Myndi vilja stunda fjarnám		17%	24%	15%		
		N	161	39	115		
Listaháskólann	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám		80%	85%	78%	2,205	0,332
	Myndi vilja stunda staðnám		4%		5%		
	Myndi vilja stunda fjarnám		17%	15%	17%		

Tafla 18. Áhugi fyrir framhaldsnámi á háskólastigi eftir námsfyrirkomulagi

		Allir	Karlar	Konur	χ^2	p
	N	166	42	116		
	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	63%	60%	63%	0,541	0,763
	Myndi vilja stunda staðnám	1%		1%		
Bifröst	Myndi vilja stunda fjarnám	37%	41%	36%		
	N	214	47	119		
	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	37,4	44%	34%	1,861	0,394
	Myndi vilja stunda staðnám	3%	2%	4%		
Háskóla Íslands	Myndi vilja stunda fjarnám	59%	54%	62%		
	N	187	44	118		
	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	48%	50%	47%	0,212	0,899
Háskólann í	Myndi vilja stunda staðnám	2,7	2%	3%		
Reykjavík	Myndi vilja stunda fjarnám	50%	48%	50%		
	N	207	44	132		
	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	34%	48%	30%	5,097	0,078
Háskólann á	Myndi vilja stunda staðnám	3%	2%	3%		
Akureyri	Myndi vilja stunda fjarnám	63%	50%	67%		
	N	157	42	114		
	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	78%	77%	78%	0,189	0,91
Landbúnaðar	Myndi vilja stunda staðnám	4%	5%	4%		
háskólann	Myndi vilja stunda fjarnám	19%	18%	19%		
	N	168	39	115		
	Gæti hugsað mér bæði stað- og fjarnám	80%	79%	81%	2,494	0,287
	Myndi vilja stunda staðnám	3%		4%		
Listaháskólann	Myndi vilja stunda fjarnám	17%	21%	15%		



AUSTURBRÚ

bekking - bróun - þjónusta